

Lög

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „efnis- og“ í 2. málsli. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „220.000“ í 3. tölul. 4. gr. laganna kemur: 500.000.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskylda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skv. 2. mgr. 3. gr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um mat til verðs samkvæmt þessari grein eða falið það ríkisskattstjóra.

4. gr.

Í stað orðsins „tíu“ í 5. málsli. 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: tuttugu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 2006.